

## Útskrift

Fyrir brottför fær sjúklingur viðeigandi ráðleggingar um meðferð og lyfjanotkun. Einnig er sent bréf með upplýsingum um sjúkdóm og meðferð til heimilislæknis eða viðkomandi heilsugæslulækna.

## Einkamál

Vinsamlegast gerið sjúkdóma annarra sjúklinga ekki að umtalsefni.



Reykingar  
eru bannaðar  
á sjúkrahúsinu  
og lóð þess.

Nánari upplýsingar um sjúkrahúsið og legudeildir er að finna á [www.hve.is](http://www.hve.is) undir flípanum Akranes.

Með kveðju,  
Starfsfólk HVE Akranesi

Endursk. í mars 2012/SS  
og maí 2017  
HVE/rmbæk1

HVE Akranesi  
Sími 432 1000, fax 432 1001  
[www.hve.is](http://www.hve.is)

# INNLÖGN Á SJÚKRAHÚS UPPLÝSINGAR FYRIR SJÚKLINGA



STARFSFÓLK Á SJÚKRAHÚSI  
HVE AKRANESI  
BÝÐUR YKKUR VELKOMIN OG  
VONAST TIL AÐ LEIÐBEININGAR  
ÞESSAR KOMI AÐ GÓÐUM NOTUM.

### SÍMAR:

432 1000 SKIPTIBORÐ

SKIPTIBORÐ ER OPIÐ ALLA VIRKA DAGA  
KL. 07:45 — 18:00.

EFTIR LOKUN SKIPTIBORÐS ER HÆGT  
AÐ HRINGJA Í EFTIRTALIN NÚMER:

432 1100 LYFLÆKNINGAÐEILD  
432 1110 HANDLÆKNINGAÐEILD  
432 1113 KVENNAÐEILD  
432 1135 BIÐEILD

Heilbrigðisstofnun Vesturlands  
Akranesi

Sími 432 1000, fax 432 1001  
[www.hve.is](http://www.hve.is)

## Innlögn á sjúkrahús

### **Það sem hafa þarf meðferðis**

Sjúklingur þarf að hafa með sér öll lyf og bætiefni sem hann tekur. Einnig slopp eða þægileg inniföt, inniskó, rakáhöld, tannbursta, tannkrem, greiðu, sjampó, hárnæringu og aðrar þær snyrtivörur sem hann telur sig þurfa að nota. Sjúkrahúsið leggur til nærföt.

### **Við innlögn**

Við innlögn fær sjúklingur viðtal við hjúkrunarfræðing og lækni. Þá er framkvæmd læknisskoðun og veittar upplýsingar um fyrirhugaðar rannsóknir og/eða aðgerðir.

### **Lyfjagjöf**

Á meðan sjúklingur dvelur á sjúkrahúsinu notar hann eingöngu lyf sem lækni gefur fyrir mæli um. Mikilvægt er að sjúklingur veiti nákvæmar upplýsingar um öll lyf og bætiefni við innlögn/ innskrift.



### **Varsla persónulegra muna**

Sjúkrahúsið getur ekki ábyrgst fjármuni né önnur verðmæti svo sem síma, tölvur o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

### **Matmálstímar**

Morgunmatur er kl. 08:30  
Hádegisverður er kl. 11:45  
Síðdegiskaffi er kl. 14:30  
Kvöldverður er kl. 17:30  
Kvöldkaffi er kl. 20:00



Sjúklingar geta valið um vissar fæðutegundir í morgunverð og kvöldverð. Hafi fólk sérstakar óskir mun reynt að verða við þeim. Mikilvægt er að láta vita ef um ofnæmi eða óþol fyrir

ákveðnum fæðutegundum er að ræða. Aðstandendum er gefinn kostur á að kaupa sér mat í starfsmannamatsal.

## **Heimsóknir**

Heimsóknartími er frá kl. 15:00 – 16:00 og frá kl. 18:30 – 19:30. Heimsóknartíminn er sveigjanlegur en taka þarf tillit til þess að sumir sjúklingar þola illa langar heimsóknir og marga gesti samtímis. Ekki er ráðlagt að koma í heimsókn fyrir hádegi nema í undantekningartilvikum.

Heimsóknir barna innan 12 ára aldurs eru bannaðar á fæðingadeild, nema ef um systkini er að ræða og kvöldheimsóknartími takmarkast við tvo gesti til hverrar konu.

### **Farsímar**

Heimilt er að nota farsíma. Sjúklingar eru beðnir um að taka hringingu af farsímum ef fleiri en einn er á stofu vegna ónæðis sem símhringingar geta valdið.



### **Fjölmíðlar**

Við hvert rúm er útvarp og sjónvarp er á öllum stofum. Ef fleiri en einn sjúklingur er á stofu getur reynt nauðsynlegt að takmarka tímann sem kveikt er á sjónvarpi. Vakin er athygli á að ekki er keypt áskrift að áskriftastöðvum sjónvarps og ekki er keypt áskrift af dagblöðum.

### **Internet**

Þeir sem óska eftir að komast á internetið meðan á sjúkrahúsdvöl stendur þurfa að koma með eigin netlykil.

### **Túlkþjónusta**

Sjúkrahúsið sér um að útvega túlk fyrir þá sem eiga rétt á túlki samkv. lögum.

### **Sýkingavarnir**

Hreinlæti er grundvallaratriði í sýkingavörnum og þar skiptir handþvottur og sprittun handa miklu máli vegna þess að snertismit er algengasta smitleiðin.

Aðstandendur eru beðnir um að koma ekki í heimsókn ef þeir eru með kvef, hósta, niðurgang eða uppköst.

